

Skaftárhreppur  
b/t Ólafur E. Júlíusson  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 6. mars 2019  
UST201902-126/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Breyting - Deiliskipulag fyrir Geirland – Skaftárhreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Geirland í Skaftárhreppi.

Í greinargerð kemur fram að vegna aukinnar eftirspurnar er markmið breytinganna að fjölga gistirýmum úr 40 í 64, stækka veitingahús og að byggja gestamóttöku. Deiliskipulagssvæðið stækkar úr 1,41 ha í 4,08 ha. Í gildandi deiliskipulagi er leyfilegt að byggja 421 m<sup>2</sup> gistiskála, en eftir breytinguna er heimilt að byggja allt að 2.260 m<sup>2</sup>.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

### **Girðingar meðfram Merkurá**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjóltreida- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur